

# **ERINDISBRÉF FRÆÐSLURÁÐS**

## **Stjórnskipuleg staða.**

Fræðsluráð heyrir beint undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Ráðið fer með hlutverk skólanefndar skv. lögum um grunnskóla. Fræðsluráð fer einnig með málefni leikskóla og tónlistarskóla í sveitarfélaginu auk annarra verkefna á sviði fræðslumála sem sveitarstjórn kann að fela því. Sveitarstjóri starfar með ráðinu.

## **Skipan fræðsluráðs.**

Í fræðsluráði eiga sæti fimm fulltrúar, kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Kjörtímabil fræðsluráðs er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa á sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá eiga fulltrúar kennara og foreldra barna í grunnskóla og leikskóla auk skólastjóra grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla rétt til að sitja fundi fræðsluráðs, með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni viðkomandi stofnana eru til umræðu. Ráðinu er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um. Fræðsluráð kys sér formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum, nema sveitarstjórn ákveði annað.

## **Hlutverk.**

Hlutverk fræðsluráðs er:

- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í fræðslumálum.
- að hafa eftirlit með því að stefna sveitarstjórnar á hverjum tíma í þessum málaflokki sé haldin.
- að hafa eftirlit með stofnunum, sem heyra undir nefndina og fylgjast með því að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga og veiti góða þjónustu.
- að taka til umfjöllunar og afgreiðslu tillögur forstöðumanna til gerðar fjárhagsáætlunar um þá málaflokka er falla undir verksvið ráðsins. Fræðsluráð hefur jafnframt eftirlit með því að fjárhagsáætlun sé haldin.
- að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í fræðslumálum.

## **Starfshættir.**

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Fræðsluráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Fræðsluráð skal halda gerðabók. Ritari ráðsins skal færa fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur.

Í fundarlök skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir fræðsluráðsfulltrúar undirrita hana. Fræðsluráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við 31. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Sveitarstjóri hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Sveitarstjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar og kynnir þeim afgreiðslu sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri sér um að boða fundi fræðsluráðs í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning nefndarfunda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá og send fræðsluráðsfulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

Formaður stýrir fundum fræðsluráðs samkvæmt IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### **Eftirfylgni.**

Formaður fræðsluráðs og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykka ráðsins.

### **Réttindi og skyldur.**

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðsluráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra, eftir atvikum.

Fulltrúa í fræðsluráði er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða sveitarstjóra vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns eða sveitarstjóra a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir fræðsluráð og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli málsins, lögum eða samþykkt 2/3 hluta fulltrúa hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi í fræðsluráði skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### **Starfsmannamál.**

Fræðsluráð veitir sveitarstjórn umsögn um ráðningu skólastjóra grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.

### **Lög og reglugerðir.**

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið þess heyra.

Þá skal fræðsluráð fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra eins og hún er hverju sinni.

Staðfest af sveitarstjórn Húnaþings vestra 18. janúar 2007